



Nefndasvið Alþingis

Egilsstöðum 3. maí 2018

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

425. mál – frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða

Samband sveitarfélaga á Austurlandi ítrekar fyrri athugasemdir sínar við frumvarpið. Vakin er athygli á svohljóðandi ályktun frá aðalfundi SSA 2017:

Skipulag haf- og strandsvæða

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 leggur áherslu á að tryggja sveitarfélögum skipulagsvaldið fyrir strandsvæði.

Fundurinn gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða sem lagt var fram á vorþingi 2017. Þar er ekki skilið á milli skipulags hafsvæða annars vegar, sem vera eiga á hendi ríkisins og skipulags strandsvæða hins vegar, sem vera eiga á hendi sveitarfélaga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherraskipuðum svæðisráðum verði falin ábyrgð á skipulagsgerð strandsvæða, í stað sveitarfélaganna sjálfra. Óásættanlegt er að einn af ráðherraskipuðum fulltrúum eigi að hafa neitunarvald en sveitarfélögin ekki, þrátt fyrir að hagsmunir þeirra séu hvað mestir þegar kemur að skipulagsáætlunum strandsvæða. Síðast en ekki síst ganga tillögurnar gegn þeirri meginreglu að efla skuli staðbundið vald og ákvarðanatöku með tilliti til almannahagsmuna og skynsamrar meðferðar opinberra fjármuna, þrátt fyrir þá staðreynd að skipulagsmál eru á meðal mikilvægustu kjarnaverkefna sveitarfélaga.

Ályktunin skýrir vilja SSA til breytinga á frumvarpinu.

Fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,
Sigrún Blöndal, formaður stjórnar.